

SAMÞYKKT

fyrir Veiðifélag Hlíðarvatns.

1. Félagið heitir Veiðifélag Hlíðarvatns.
2. Heimili þess og varnarþing er heimili formanns hverju sinni.
3. Félagið nær til allra jarða, sem land eiga að Hlíðarvatni í Kolbeinsstaðahreppi, en þær eru: Hafursstaðir, Hallkelsstaðahlíðar, Hraunholt og Heggstaðir, allar í Kolbeinsstaðahreppi.
4. Verkefni félagsins er að viðhalda góðri fiskgengd á félagssvæðinu og að ráðstafa veiði eftir því sem aðalfundur ákveður. Félagið tekur til allrar veiði á félagssvæðinu.
5. Stjórn félagsins skipa þrír menn, formaður og tveir meðstjórnendur. Skulu þeir kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn. Svo og tveir endurskoðendur.
6. Stjórnin hefur á hendi allar framkvæmdir félagsins milli aðalfunda. Hún fær menn sér til aðstoðar við þau störf í þágu félagsins, sem vinna þarf á hverjum tíma og semur við þá um þóknun fyrir. Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefur yfirumsjón með öllum störfum félagsins og fjárreiðum. Óheimilt er öllum að veiða á félagssvæðinu, nema með sérstöku leyfi félagsstjórnarinnar. Í leyfinu skal tekið fram um veiditíma og veiditæki, og með hvaða kjörum leyfið er veitt.
7. Veiðifélagið verður hluti af heildarfélagi um vatnasvæði Haffjarðarár, þegar stofnað verður.
8. Aðalfund skal halda í marsmánuði ár hvert. Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu starfsári og leggur fram tillögur um starfsemi þess á næsta ári. Þá skal hún leggja fram endurskoðaða reikninga félagsins og úrskurðar fundurinn um þá.
9. Reikningsár félagsins er almanaksárið. Stjórninni ber að færa reikninga í gerðarabók, sem henni er skylt að halda, svo og samþykktir félagsins, félagaskrá, arðskrá, fundargerðir og bréf.
10. Arði af sameiginlegri veiði skal skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá. Félagsmenn greiði gjöld til félagsins í sömu hlutföllum og þeir taka arð.
11. Brot á samþykkt þessari varðar sektum samkvæmt XVI. kafla laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt 52. gr. laga nr. 76 25. júní 1970 um lax- og silungsveiði og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 18. febrúar 1992.

Halldór Blöndal.

Jón Höskuldsson.